

"Ný tegund af venjulegum heimi"

Samfélagsáhrif af stóriðju- og virkjunarframkvæmdum á Austurlandi rannsökuð

Það kemur Kjartani Ólafssyni, lektor við Háskólann á Akureyri, á óvart hversu fljótt framkvæmdir á Austurlandi taki af. Rannsóknastofnun háskólans hefur rannsakað samfélagsleg áhrif framkvæmdanna frá upphafi. **Steinunn Ásmundsdóttir** ræddi við Kjartan.

Það sem hefur komið á óvart er hin mikla þátttaka útlendinga í vinnunni við að byggja þetta," segir Kjartan Ólafsson, lektor við Háskólann á Akureyri. Hann hefur ásamt fleirum rannsakað samfélagsleg áhrif virkunar- og stóriðjuframkvæmda á Austurlandi og er fyrstu niðurstöðuskýrslu að vænta á allra næstu dögum. Rannsóknaverkefnið stendur yfir til ársins 2009.

Kjartan segir fjölda útlendinga við framkvæmdirnar

skiljanlegan í ljósi efnahagsástandsins í landinu en ekki hafi verið gert ráð fyrir honum í upphafi. Hann segir einnig koma á óvart hversu framkvæmdirnar taka fljótt af í reynd.

"Mér þykir einnig mikilvæg sú niðurstaða hversu áhrif af virkunar- og stóriðjuuppbyggingunni ná skammt út fyrir miðsvæði Austurlands" segir Kjartan. "Rannsóknir okkar hafa sýnt á nákvæman hátt hversu áhrifin ná langt út fyrir sjálf framkvæmdasvæðin landfræðilega séð. Einnig er áhugavert hversu marga framkvæmdirnar snerta á svæðinu, þó þeir séu ekki endilega allir að vinna við þær."

Stærsta glataða tækifærið

Kjartan telur að margir hafi ímyndað sér fyrirfram að áhrifin yrðu ofsafengnari. "Þegar maður talar við einstaklinga segja margir að miðað við hversu stórt þetta sé í umfangi hafi það minni áhrif en þeir héldu. "Fýsískt" er byggingin stærri en hinn almenni borgari hafði ímyndað sér, en miðað við það og allan mannfjöldann sem er þarna finnur stór hluti fólks ótrúlega lítið fyrir þessu."

Hann telur eina stærstu spurninguna áður en framkvæmdir hófust hafa verið hvort hægt væri að nýta framkvæmdirnar og áhrif þeirra sem tæki til breytinga á Austurlandi og þá í átt til aukinnar miðlægni á svæðinu. "Það er skoðun sem mér sýnist að hafi ekki átt upp á pallborðið hjá sveitarstjórnarmönnum á Austurlandi. Það er bara ekki samkomulag um hvar sú miðja eigi að vera og hvar setja eigi niður miðlæga þjónustu. Ég held að það muni til lengri tíma lítið verða stærsta glataða tækifærið, að reyna ekki að þjappa Austurlandi meira saman. Þjónustan verður dreifð og þá missir samfélagið þennan kraft sem kemur þegar fólksfjöldi þjappast saman. Þetta er svolítið gisið og ekki gott í nútímasamfélagi sem byggist á samþjöppun. Sveitarstjórnarmenn eystra segja sem svo að þeir ætli að vera með dreifða þjónustu í t.d. Fjarðabyggð, sem er göfugt markmið, en ég er bara ekki viss um að það standist."

Of mikil áhersla á íbúafjölgun

Alltof mikil áhersla hefur verið lögð á íbúafjölgun samhliða framkvæmdunum, að sögn Kjartans. Hann segir íbúafjölda út af fyrir sig ekki mælikvarða á lífsgæðin í samfélaginu. "Ég hefði viljað sjá meiri áherslu í umræðunni á möguleikann til að bæta samfélagið umfram áhersluna á að fjölga íbúum. Það verða atvinnuháttabreytingar þar sem er að fækka í frumvinnslugreinunum og þær breytingar halda áfram, alveg sama þótt álverksmiðja fari í gang. Hins vegar koma þau störf sem við það skapast að einhverju leyti í staðinn. Þetta vegur upp á móti íbúafækkun sem annars hefði orðið og er



Niðurneglt Þrátt fyrir að geysimikið hafi verið byggt af íbúðarhúsnæði á Mið-Austurlandi undanfarið er því spáð að meira þurfi til vegna íbúafjölgunar á næstu tveimur árum. Hér rís nýbygging á Egilsstöðum. — Morgunblaðið/Steinunn Ásmundsdóttir

[]

að verða samhliða. Þeir kraftar sem unnu í átt að fækkun íbúa áður eru áfram í gangi, en svo kemur nýr kraftur sem vinnur í átt að því að fá fólk á staðinn og bjóða upp á atvinnutækifæri og er ekki byrjaður á því ennþá nema að litlu leyti. Ég spái því að fækkun Íslendinga á svæðinu haldi áfram út þetta ár. Ruðningsáhrif af framkvæmdunum koma fram einkum í upphafi, innstreymi fólks á svæðið held ég að eigi sér mest stað á næsta ári og þar næsta, þannig að íbúafjölgun kemur tiltölulega seint og ég ímynda mér að það komi smákrísa á næsta ári þar sem menn fara að efast um að þetta hafi nú allt saman verið til góðs.

Ég tel ekki að stórir hópar fólks bíði í ofvæni eftir að fá að flytja austur. Það eru sjálfsagt einhverjir tugir, en það er bullandi uppgangur í samfélaginu og hver er þá hvatinn fyrir fólk að rífa sig upp og fara austur? Það er til fullt af könnunum sem segja að fólk sé jákvætt gagnvart því. En eitt er að vilja og annað að geta, til dæmis hvað varðar börn og maka. Það er svo margt sem þarf að ganga upp."

Svo virðist sem ekki sé enn búið að byggja það íbúðarhúsnæði sem væntanlega þarf vegna íbúafjölgunar og þurfa sveitarfélögin að sögn Kjartans að huga að því að byggja nóg, en þó ekki of mikið.

Samfélagsgildi fara á flot

"Að hverju er stefnt með þessum framkvæmdum umfram að búa til álver og græða peninga?" spyr Kjartan. Hann segir hvatann fyrir íslenskt samfélag þann að búa til betra samfélag. "Ekki bara samfélag þar sem við höfum háar tekjur, heldur einnig samfélag þar sem er gott að búa. Þar sem maður er öruggur, þar sem er skemmtilegt fólk og sátt ríkir um viðmið og gildi. [...] Það er kannski ein mikilvægasta breytingin á Austurlandi, að hugmyndir fólks um samfélagið, hvað sé gott og eftirsóknarvert, munu breytast nokkuð. Á Eskifirði, eða hvar sem er, er ekki langt síðan það var draumur ungra manna að fara á sjóinn og græða peninga. Hvert ferðu núna til að sýna að þú hafir "meikað" það? Það er nýr tónn í samfélaginu, verksmiðjuvinna er allt annars konar vinna en fiskvinnsla, og spurning hvernig hann passar inn í þann tón sem er fyrir á svæðinu. Þegar þessir hlutir fara á flot hafa þeir sumpart áhrif á kjarnann í okkar tilveru."

Menn velta margir fyrir sér hvað bíður handan framkvæmdanna. Kjartan segir það í það minnsta ekki vera Draumalandið. "Manna bíður ný tegund af venjulegum heimi. Það verða einhver ný vandamál og ný tækifæri."

Á næsta ári er nýrra rannsóknaniðurstaðna að vænta og munu þær gefa skýrari heildarmynd af ferlinu frá byrjun framkvæmdanna á Austurlandi, ekki síst hvað varðar mannfjöldaspá og um ruðningsáhrif af völdum framkvæmdanna. Síðustu rannsóknir munu fara fram á árinu 2008 og niðurstöður liggja fyrir árið eftir. Æskilegt er talið að halda þeim lengur áfram til að meta þau áhrif sem tekur lengri tíma að koma fram í samfélaginu og hversu miklu róti framkvæmdirnar hafa raunverulega valdið í því, segir Kjartan.

Atvinnutekjur og fermetraverð hækka

VERULEG aukning er á atvinnutekjum á Austurlandi, samkvæmt niðurstöðu vöktunarverkefnis. Um 45%

raungildishækkun hefur orðið á árunum 2002 til 2005 á atvinnutekjum tengdum fasteigna- og viðskiptaþjónustu, hartnær

38% hækkun á atvinnutekjum í mannvirkjagerð, 25% hækkun á atvinnutekjum í fjármálaþjónustu og nokkru minni í

öðrum iðnaði en fiskveiðum og landbúnaði, þar sem atvinnutekjur hafa lækkað um 28% eða meira.

Verðbreyting á eldra íbúðarhúsnæði í fjölbyli m.v. fast verðlag hefur frá árinu 2002 til 2005 hækkað um 110% í

Fjarðabyggð og um 44% á Fljótsdalshéraði og í einbyli m.v. sömu forsendur um tæp 100% í Fjarðabyggð og tæp 30% á

Héraði.

Í hnotskurn

» Ekki var í byrjun framkvæmdanna gert ráð fyrir þeim mikla fjölda útlendinga sem við þær vinna.

» Áhrif framkvæmdanna ná skammt út fyrir Mið-Austurland.

» Tækifæri hefði verið í að auka miðlægni á svæðinu.

» Áhersla hefur verið lögð á íbúafjölgun fremur en að bæta gæði samfélagsins.